

## Skipulag

Fundarboðandi:	Þorvaldur H. Þórðarson	Fundarstaður:	Teams
Fundarstjóri:	Þorvaldur H. Þórðarson	Dagsetning:	14. október 2024
Fundarritari:	Þórður Heimir Sveinsson	Fundartími:	11:00 - 11:50

**Pátttakendur:** Þorvaldur H. Þórðarson (settur Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnun), Berglind Helga Bergsdóttir, (sérgreinadýralæknar fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)

## Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun fiski- og laxalúsar.

## Umræða

- Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar vegna fiski- og laxalúsar á regnbogasilungi með Slice vet. (emamectin) lyfjablönduðu fóðri í þrem kvíum við Valþjófsdal í Öfundarfirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu út frá fyrirbyggjandi gögnum og núverandi stöðu og þróun að mæla með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar vegna fiski- og laxalúsar á regnbogasilungi með Slice vet. (emamectin) lyfjablönduðu fóðri í þrem kvíum á Eldissvæði 1 í Skutulsfirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu út frá fyrirbyggjandi gögnum og núverandi stöðu og þróun að mæla með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Tekið var fyrir erindi matvælaráðuneytisins dags. 4. október 2024, vegna bréfs frá embætti ríkislögmans, dags. 2. júlí 2024, þar sem óskað var eftir umsögn ráðuneytisins um bréf frá Jóni Þór Ólasyni, lögmanni f.h. Veiðifélags Hrótafjarðarar og Síkár, dags. 29. apríl 2024, þar sem gerð er krafa um viðurkenningu skaðabótaskyldu íslenska ríkisins. Óskað er eftir umsögn Fisksjúkdómanefndar um málið. Einnig er óskað eftir að Fisksjúkdómanefnd sendi ráðuneytinu þau gögn sem nefndin kann að hafa um málið og ekki hafa þegar verið lögð fram. Af hálfu nefndarinnar var farið yfir málið og fram kom að nefndin hafi aldrei fengið gögn um fisksjúkdóma vegna slysasleppinga og væri þar af leiðandi ekki kunnugt um slíkt. Verður ráðuneytinu svarað í samæmi við framangreint.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:50